

Fimmtudaginn 13. desember 1990.

Nr. 219/1990. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Hallbirni Einari Guðjónssyni

(Sigurður Georgsson hrl.).

Þjófnaður. Skjalafals. Fjársvik. Bifreiðar. Umferðarlög.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. maí 1990 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þvingingar á refsingu og til staðfestingar á sviptingu réttar til að öðlast ökuleyfi. Meðákærðu samkvæmt ákærum 21. mars, 6. júlí og 28. ágúst 1989 una héraðsdómi.

Sakarefni það, sem um er fjallað í II. kafla ákæru 6. júlí 1989, var ekki borið undir ákærða við meðferð málsins fyrir dómi. Ber því að sýkna hann af þeim ákærulið.

Að öðru leyti ber að staðfesta sakarmat hins áfrýjaða dóms og heimfærslu til refsíákvæða. Refsing ákærða þykir þar einnig hæfilega ákveðin.

Fram er komið, að ákærði hefur aldrei öðlast réttindi til að stjórna bifreið. Síðan 1983 hefur hann þrisvar verið sviptur ævilangt rétti til að öðlast ökuréttindi, og stendur það óhaggað. Svipting réttar ákærða til að öðlast ökuréttindi verður ekki áréttuð í máli þessu, sbr. dóm Hæstaréttar 27. júní 1988 í málinu nr 150/1988.

Af hálfu ákærvalds og ákærða er einungis óskað endurskoðunar bótaákvæðis héraðsdóms, að því er varðar bótakröfu frá Lín hf., sbr. II. kafla ákærunnar 6. júlí 1989. Samkvæmt ofangreindri niðurstöðu um þann ákærukafla kemur bótakrafa þessi ekki til álita, sbr. 3. mgr. 146. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Að öðru leyti kemur skaðabótaákvæði hins áfrýjaða dóms ekki til endurskoðunar, sbr. 147. gr. sömu laga.

Staðfesta ber málskostnaðarákvæði héraðsdóms, að því er

ákærða varðar, og jafnframt verður hann dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um bótakröfu á hendur ákærða frá Líni hf. er felld úr gildi, en að öðru leyti skal ákvæði hans um skaðabótageiðslur ákærða standa óhaggað.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 45.000 krónur, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hæstaréttarlögmanns, 45.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. febrúar 1990.

Ár 1990, miðvikudaginn 14. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni sakadómsmála, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 90-92/1990: Ákærvaldið gegn Hallbirni Einari Guðjónssyni, X og Y, sem tekið var til dóms þann 12. febrúar sl.

Málið er höfðað með 10 ákæruskjölum ríkissaksóknara, dagsettum 21. mars 1989, 8. maí 1989, 31. maí 1989, 6. júlí 1989, 28. ágúst 1989, 17. október 1989, 30. október 1989, 18. desember 1989 og 23. janúar 1990, á hendur ákærðu, Hallbirni Einari Guðjónssyni, Asparfelli 12, Reykjavík, kt. 191156-2569, X og Y, öllum í Reykjavík.

Með ákæruni, dagsettri 21. mars sl., er málið höfðað á hendur ákærðu Hallbirni og X „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framin í Reykjavík í október 1988:

I. Ákærða Hallbirni er gefið að sök að hafa aðfaranótt 15. október stolið seðlaveski Arnar Eypórssonar, kennitala 28.04.63-7369, í Gistiheimilinu í Brautarholti 22, en í veskinu voru auk skilríkja um 1.000 krónur og tékkhefti frá Grensásútibúi Verslunarbanka Íslands hf.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Ákærðu er báðum gefið að sök tékkafals með því að hafa í framhaldi af ofangreindum þjófnaði staðið saman að því að falsa og nota í

viðskiptum ásamt Vilmundi Vilmundarsyni, kennitala 12.05.41-2939, eftirgreinda tékka úr tékkheftinu, ritaða af ákærðu X til handhafa á reikningsnúmerið 19555, dagsetta 15.10. 1988, og með falsaðri útgefandanafnrituninni Arnar Eypórsson. Ákærðu skiptu með sér andvirði tékkanna:

1) Tékki nr. 1715269, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í versluninni Júnó Ís, Skipholti 37.

2) Tékki nr. 1715267, að fjárhæð kr. 3.400. Seldur í versluninni Lukku-Láka.

3) Tékki nr. 1715270, að fjárhæð kr. 5.000. Með framsalsstimpli Kristínar Andrewsóttur. Óvist, hvar ákærðu seldu tékkann.

4) Tékki nr. 1715271, að fjárhæð kr. 5.000. Óvist, hvar ákærðu seldu tékkann.

5) Tékki nr. 1715272, að fjárhæð kr. 5.000. Seldur í söluturninum Einholti 4.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærunni, dagsettri 8. maí sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir að aka eftirgreindum bifreiðum á árinu 1989, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, svo sem hér er rakið:

1. Laugardaginn 4. mars bifreiðinni R-21467 frá heimili sínu áleiðis að Miklubraut 1, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans í Sætúni.

2. Föstudaginn 10. mars bifreiðinni G-25279 frá Miklubraut 1, Reykjavík, áleiðis að heimili sínu, þar til bifreiðin bilaði á gatnamótum Nóatúns og Borgartúns.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. nefndra laga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærunni, dagsettri 31. maí sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1989, bifreiðinni G-25279, undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi ævilangt, um götur í Reykjavík, svo sem hér rakið:

1) Laugardaginn 8. apríl frá Vesturbergi 78 áleiðis að Miklubraut 1, uns lögreglan hafði afskipti af ákærða á Höfðabakka.

2) Aðfaranótt fimmtudagsins 4. maí frá heimili sínu áleiðis að Elliheimilinu Grund, uns lögreglan stöðvaði akstur hans á Laugavegi.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 102. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærunni, dagsettri 6. júlí sl., er málið höfðað á hendur ákærðu Hallbirni og Y „fyrir eftirgreind brot, framin í Reykjavík á árinu 1989, nema annars sé getið:

I.

Á hendur ákærðu báðum fyrir:

1) Skjalafals með því að hafa laugardaginn 18. febrúar í félagi framvísað í versluninni Hagkaupum í Skeifunni falsaðri sölunótu nr. 05 2720529, að fjárhæð kr. 24.000,00, sem ákærða Y hafði falsað á nafnritunina Jóhanna Erlendsdóttir til staðfestingar móttöku keyþra vara út á visa-greiðslukort nefndrar Jóhönnu, en kortinu hafði ákærði Hallbjörn Einar stolið tveimur dögum áður, eins og rakið er í lið III 1.b hér á eftir.

2) Þjófnað með því að hafa:

a) Sama dag í sömu verslun stolið þremur armbandsúrum, eldhúsáhöldum og leðurhönskum, samtals að verðmæti kr. 9.745.

b) Fimmtudaginn 23. febrúar í versluninni Miklagarði við Sund stolið ostaskera, 2 öskubökkum, nærfötum, sólgleraugum og hárlit, að verðmæti kr. 2.270, en ákærðu voru handtekin, er þau gengu út úr versluninni.

Telst liður 1 varða við 1. mgr. 155. gr., en liður 2 við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Gegn ákærðu Y fyrir þjófnað með því að hafa föstudaginn 17. febrúar stolið leðurjakka og leðurlikisjakka úr Vinnufatabúðinni, Laugavegi 76, að verðmæti kr. 17.800, og föstudaginn 24. febrúar stolið 19 útfylltum ávísunum, samtals að fjárhæð kr. 1.211.263, úr skrifborðsskúffu í skrifstofu heildverslunarinnar Líns hf., Háteigsvegi 3, og gegn ákærða Hallbirni Einari fyrir hylmingu með því að taka við og nota leðurjakkann og eyða í eigin þarfir hluta af andvirði einnar ávísunarinnar, um kr. 70.000, þrátt fyrir vitneskju sína um tilkomu verðmætanna.

Telst brot Y varða við 244. gr. hegningarlaganna, en brot Hallbjörns Einars við 254. gr. sömu laga.

III.

Á hendur ákærða Hallbirni einum fyrir:

1) Þjófnað með því að hafa:

a) Miðvikudaginn 15. febrúar stolið euro-greiðslukorti og tveimur visa-greiðslukortum Sigmundar Andréssonar á vinnustað hans í Max hf., Skeifunni 15.

b) Föstudaginn 17. febrúar stolið seðlaveski Jóhönnu Erlendsdóttur úr yfirhöfn hennar á skrifstofu í versluninni Austurstræti 17, sem í voru kr. 1.000, greiðslukort merkt visa, tékkhefti merkt Iðnaðarbanka Íslands hf., Breiðholti, kúlupenni og ýmis persónuleg skirteini.

c) Mánudaginn 3. apríl stolið samtals kr. 15.100, nokkrum enskum pundum og dönskum og færeyskum krónum úr klefum áhafnarmedlima (sic) í loðnuveiðiskipinu Hákon, ÞH 250, sem lá við Grandagarð.

2) Skjalafals með því að hafa:

a) Föstudaginn 17. júní 1988 notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka á eyðublaðum merktum Útvegsbanka Íslands hf., Álftheimum 74, Reykjavík, sem ákærði lét Þórarin Einarsson útfylla fyrir sig til handhafa, dagsetja þá sama dag, rita á þá útgefandanafnið Hallgrímur Axelsson og framselja þá í eigin nafni:

1. Nr. 616774, kr. 8.000, á reikning nr. 98619, framseldur af ákærða með nafninu Hallgrímur Axelsson og seldur af ákærða í félagi með nefndum Þórarini í veitingahúsinu Gauki á Stöng, Tryggvagötu 22.

2. Nr. 616775, kr. 15.000, á reikning nr. 9087, seldur í söluturninum Miðbæ, Háaleitisbraut 58-60.

b) Mánudaginn 13. mars notað í viðskiptum eftirgreinda tvo falsaða tékka með stimpli Elding Trading Company hf., sem ákærði hafði falsað á útgefandanafnið Gunnar Hafsteinsson og útfyllt til handhafa á reikning nr. 681, dagsett þá 13. febrúar 1989 og framselt í eigin nafni:

1. Nr. 3568165, kr. 10.000, á eyðublaði merktu Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Skólavörðustíg 11, Reykjavík, seldur í versluninni Háteigskjörum, Háteigsvogi.

2. Nr. 1025296, kr. 10.000, á eyðublaði merktu Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, seldur í versluninni Aggva, Bankastræti 7.

Telst liður 1 varða við 244. gr., en liður 2 við 1. mgr. 155. gr. hegningarlaganna.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta.“

Með ákærunni, dagsettri 17. október sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir þjófnað með því að hafa þriðudaginn 18. júlí 1989 stolið 1 pela af viski úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Kringlunni, Reykjavík.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærunni, dagsettri 30. október sl., er málið höfðað á hendur

ákærða Hallbirni einum, fyrir að aka án ökuréttinda bifreiðinni G-27127 á árinu 1989, svo sem hér er rakið:

1) Að morgni fimmtudagsins 24. ágúst frá heimili sínu áleiðis til Sandgerðis og með allt að 116 kílómetra hraða vestur Reykjanesbraut í Gullbringusýslu, eftir vegarkafli við Fitjar, en þar stöðvaði lögreglan akstur hans.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 37. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

2) Að kvöldi mánudagsins 2. október undir áhrifum áfengis frá Hringbraut 99 í Reykjavík og svo óvarlega austur þá götu inn á Melatorg, að bifreið hans rakst á bifreiðina G-1284, sem þar var ekið í sömu átt.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 4. gr., l., sbr. 3. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærinni, dagsettri 18. desember sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir að aka sunnudaginn 19. nóvember 1989, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, bifreiðinni G-27127 frá heimili sínu að bensínafgreiðslu Olís við Álfabakka í Breiðholti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Með ákærinni, dagsettri 23. janúar sl., er málið höfðað á hendur ákærða Hallbirni einum „fyrir eftirgreind brot á almennum hegningarlögum, framín í Reykjavík 1989, nema annar staður sé tekinn fram:

1.

Fyrir að hafa laugardaginn 21. október stolið handtösku í Kaffivagninum á Grandagarði, en í töskunni var seðlaveski með um 100.000 krónum í reiðufé, tékkum og greiðslukortanótum, snyrtidót, demantshringur, vindlingaveski og kveikjari.

2.

Mánudaginn 16. október stolið 2 seðlaveskjum með samtals um 5.000 krónum í reiðufé og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 60020 frá Landsbanka Íslands.

Telst háttsemin í liðum 1 og 2 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3.

Síðastgreindan dag framvísað í útibúi Landsbanka Íslands í Rofabæ ofangreindri geymslukvittun og tekið út af bókinni 20.000 krónur með framvísun úttektarseðils, sem hann falsaði með því að rita nafn Elíasar Þ. Magnússonar, Pykkvabæ 9, í reit fyrir undirskrift þess, sem tekur út.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

4.

Mánudaginn 23. október stolið 2 seðlaveskjum á skrifstofum Verkamannabústaða, Suðurlandsbraut 30, 2. hæð, en í veskjunum voru meðal annars auk skjala og skilríkja samtals 6.000 krónur, tékkhefti frá Alþýðubanka Íslands og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 71751 við Alþýðubankann.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

5.

Daginn eftir ofangreindan þjófnað framvísað í Alþýðubankanum, Suðurlandsbraut 30, ofangreindri greiðslukvittun (sic) og tekið út af sparisjóðsbókinni 100.000 krónur með framvísun úttektarseðils, sem hann falsaði með því að rita nafn bókareigandans, Ingólfs Antonssonar, Ljósalandi 18, í reit fyrir nafn þess, sem tekur út.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

6.

Í maí stolið í húsnæði kvikmyndafyrirtækisins Saga-film, Vatnagörðum 4, seðlaveski, sem hafði meðal annars að geyma tékka að fjárhæð kr. 10.000 og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands við Hagatorg.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga.

7.

Í júní notað í staðgreiðsluviðskiptum eftirgreinda tékka, sem hann gaf út í eigin nafni til handhafa á eyðublöð úr tékkheftinu frá Búnaðarbanka Íslands við Hagatorg á reikningsnúmerið 4001 án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði tékkanna:

1) Tékki nr. 5147164, að fjárhæð kr. 9.000, dagsettur 5.6. 1989. Óvíst er um notkun ákærða á tékkanum.

2) Tékki nr. 5147165, að fjárhæð kr. 5.000, dagsettur 5.6. 1989. Seldur í söluturni í Norðurbrún 2.

3) Tékki nr. 5147166, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 4.6. 1989. Notaður til greiðslu fyrir leiguakstur.

4) Tékki nr. 5147168, að fjárhæð kr. 2.000, dagsettur 4.6. 1989.

Ákærði falsaði á tékkann framsalsáritunina Skúli ... (föðurnafn ólæsilegt) og seldi hann í Pizzusmiðjunni, Kópavogi.

Telst notkun þriggja fyrstgreindu tékkanna varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en notkun þess síðastgreinda við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

— — —

Dómarinn hefur sameinað mál þessi.

Málavextir eru þessir:

Ákæra, dagsett 21. mars 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa aðfaranótt 15. október 1988 stolið seðlaveski Arnars Eypórssonar í Gistiheimilinu Brautarholti 22. Í veskinu voru skilríki, um 1.000 krónur í reiðufé og tékkhefti á Grensásútibú Verslunarbanka Íslands h/f.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærða X hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ásamt meðákærða og Vilmundi Vilmundarsyni staðið að því að falsa og nota í viðskiptum 5 tékka, samtals að fjárhæð kr. 23.400. Voru tékkarnir úr ofangreindu tékkhefti, og hefur ákærða X borið, að meðákærði Hallbjörn hafi haft fulla vitneskju um það, er þarna fór fram. Ákærði Hallbjörn hefur borið, að hann hafi vitað, að meðákærða X falsaði tékka í október 1988, en ekki kvaðst hann hafa vitað, að tékkaeyðublöðin voru úr hefti því, er hann stal. Kvaðst ákærði hafa látið Vilmund hafa eitt óútfyllt eyðublað, og kvaðst hann vita, að eyðublað þetta var fyllt út síðar. Kvaðst ákærði Hallbjörn hafa verið undir áhrifum áfengis og lyfja og þegið vindlinga og áfengi frá Vilmundi. Þá kvaðst ákærði hafa gert sér grein fyrir, að fólkið á staðnum var að falsa tékka. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæru.

Með hliðsjón af framburði ákærðu telst nægilega sannað, að þau hafi staðið saman að tékkafalsi, og varðar brot þeirra við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 8. maí 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 4. mars sl. ekið bifreiðinni R-21467 undir áhrifum áfengis og

sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,49‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 10. mars sl. ekið bifreiðinni G-25279 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,65‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 2. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæra, dagsett 31. maí 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 8. apríl sl. ekið bifreiðinni G-25279 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 2,08‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 1. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 4. maí sl. ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuleyfi ævilangt. Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,40‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í 2. lið þessarar ákæru og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæra, dagsett 6. júlí 1989.

I.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 18. febrúar sl. framvísað í versluninni Hagkaupum í Skeifunni visa-sölunótu, að fjárhæð kr. 24.000,50, en á nótuna hafði ákærða Y falsað nafnritunina Jóhanna Erlendsdóttir. Gerðu þau þetta til staðfestingar móttöku keyptrra vara út á visa-greiðslukort, sem

ákærði Hallbjörn stal tveimur dögum áður, eins og síðar verður rakið.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sama dag og í sömu verslun stolið þremur armbandsúrur, eldhúsáhöldum og leðurhönskum.

Þessi háttsemi ákærðu, sem sönnuð er með játningu þeirra og öðrum gögnum málsins, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 23. febrúar sl. stolið ostaskera, 2 öskubökkum, nærfötum, sólgleraugum og hárlit í versluninni Miklagarði við Sund.

Með játningu ákærðu, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að þau hafi gerst sek um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærða Y hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 17. febrúar sl. stolið leðurjakka og leðurlíkisjakka úr Vinnufatabúðinni og 24. febrúar sl. stolið 19 útfylltum ávisunum, samtals að fjárhæð kr. 1.211.263 frá heildversluninni Líni h/f, Háteigsvegi 3. Þá hefur ákærði Hallbjörn viðurkennt að hafa tekið við og notað leðurjakkann og jafnframt eytt í eigin þarfir hluta af andvirði einnar ávisunarinnar, en honum var kunnugt um tilkomu verðmætanna.

Þessi háttsemi ákærðu Y, sem sönnuð er með játningu hennar, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga, en háttsemi ákærða Hallbjörns varðar við 254. gr. sömu laga.

V.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 15. febrúar, 17. febrúar og 3. apríl sl. stolið euro-greiðslukorti og tveimur greiðslukortum Sigmundar Andréssonar að Skeifunni 15, seðla-veski Jóhönnu Erlendsdóttur ásamt 1.000 krónum, visa-greiðslukorti, tékkhefti á Iðnaðarbanka Íslands, kúlupenna og skilríkjum í versluninni Austurstræti 17, 15.100 krónum og gjaldeyri í loðnuveiðiskipinu Hákon, ÞH 250, við Grandagarð.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði Hallbjörn hefur borið, að sökum áfengisneyslu muni hann ekki eftir að hafa notað í viðskiptum tvo falsaða tékka, samtals að fjárhæð kr. 23.000, þann 17. júní 1988. Hefur Þórarinn Einarsson borið, að hann hafi skrifað nafn útgefanda á báða tékkana, en ákærði hefur kannast við að hafa framselt annan tékkann. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæruskjali.

Með hliðsjón af ofangreindu og öðrum gögnum málsins þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VII.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa notað í viðskiptum tvo tékka, samtals að fjárhæð kr. 20.000, þann 13. mars 1989 og falsað á þá útgefandanafnritunina Gunnar Hafsteinsson. Er tékkunum og notkun þeirra rétt lýst í ákæruskjali.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Ákæra, dagsett 17. október 1989.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 18. júlí sl. stolið viskípela í ÁTVR í Kringlunni.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ákæra, dagsett 30. október 1989.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni G-27127 sviptur ökuréttindum og með 116 km hraða miðað við klst. þann 24. ágúst sl. vestur Reykjanesbraut í Gullbringusýslu eftir vegarkafli við Fitjar.

Með játningu ákærða telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið sömu bifreið undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum þann

2. október sl. austur Hringbraut inn á Melatorg, þar sem ákærði ók á bifreiðina G-1284.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og reyndist magn alkóhóls í blóði hans vera 1,87‰.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og játningu ákærða er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum lið ákærunnar og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæra, dagsett 18. desember 1989.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni G-27127 sviptur ökuleyfi ævilangt þann 19. nóvember sl. frá heimili sínu að bensínafgreiðslu við Álfabakka.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

Ákæra, dagsett 23. janúar 1990.

I.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 21. október sl. stolið handtösku í Kaffivagninum á Grandagarði, en í töskunni, sem var eign Kolbrúnar B. Guðmundsdóttur, var seðlaveski með um 100.000 krónum, tékkar, greiðslukortanótur, snyrtivörur, demantshringur, vindlingaveski og kveikjari.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

II.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 16. október sl. stolið 2 seðlaveskjum úr skrifstofu í Sjóðvarphúsinu, Laugavegi 176. Í veskjunum voru samtals kr. 5.000 í reiðufé og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 60020 frá Landsbanka Íslands.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa sama dag framvísað áðurgreindri kvittun í útibúi Landsbanka Íslands í Rofabæ og síðan falsað nafn Elíasar Þ. Magnússonar á úttektarseðil og þannig náð út 20.000 krónum.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

IV.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa þann 23. október sl. stolið 2 seðlaveskjum á skrifstofu Verkamannabústaða, Suðurlandsbraut 30, 2. hæð. Í veskjunum voru m.a. 6.000 kr. í reiðufé, tékkhefti frá Alþýðubanka Íslands og geymslukvittun fyrir sparisjóðsbók nr. 71751 við Alþýðubankann.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga.

V.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa daginn eftir framvísað ofangreindri geymslukvittun og falsað nafn Ingólfs Antonssonar á úttektarseðil og þannig náð 100.000 krónum út af sparisjóðsbókinni.

Framanlýst háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans og öðrum gögnum málsins, varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

VI.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í maí sl. stolið seðlaveski að Vatnagörðum 4, en í veskinu var 10.000 króna tékki og tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands.

Með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í þessum ákærulið og þar þykir rétt færð til refsíákvæða.

VII.

Ákærði Hallbjörn hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa í júní sl. gefið út 3 tékka, samtals að fjárhæð kr. 16.000, á ofangreint tékkhefti án þess að eiga innstæðu fyrir andvirði þeirra. Tékkunum og notkun þeirra er rétt lýst í ákæruskjali.

Þessi háttsemi ákærða, sem sönnuð er með játningu hans, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærði viðurkennt að hafa falsað framsalsáritun á 2.000 króna tékka úr áðurgreindu tékkhefti. Er tékkanum og notkun hans rétt lýst í ákæruskjali.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins telst sannað, að ákærði

hafi gerst sekur um skjalafals samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

— — —

Sakaferill, viðurlög.

Ákærði Hallbjörn á langan brotaferil að baki. Frá árinu 1977 hefur hann hlotið samtals 20 dóma, síðast þann 5. maí 1988, og nemur dæmd refsivist samtals fangelsi í 6 ár og 3 mánuði. Er hér aðallega um að ræða skjalafals, þjófand, fjársvik svo og umferðarlagabrot. Ákærði hefur margoft verið sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt, síðast þann 3. nóvember 1986.

Með hliðsjón af sakaferli ákærða Hallbjörns og 72. gr., 77. gr. og 255. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði. Þá ber að áréttta, að ákærði skuli ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

— — —

Skaðabætur.

Eftirtaldir hafa lagt fram skaðabótakröfur í málinu:

A. Á hendur ákærðu Hallbirni og Y: Ingvar Ólafsson f.h. heildverslunarinnar Lins h/f kr. 125.800 auk vaxta frá 24/2 1989.

B. Á hendur ákærða Hallbirni:

1. Jóhanna Salvör Erlendsdóttir kr. 1.000.
2. Arnþór Þ. Árnason, Oddeyrargötu 10, Akureyri, kr. 2.500.
3. Verslunin Háteigskjör, Háteigsvegi 2, kr. 10.000 ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 13/3 1989 til greiðsludags.
4. Verslunin Aggva, Bankastræti 7 A, kr. 10.000 ásamt hæstu lögleyfðu vöxtum frá 14/3 1989 til greiðsludags.
5. Alþýðubankinn h/f kr. 39.639 ásamt dráttarvöxtum frá 22/11 1989 til greiðsludags.
6. Ingólfur Antonsson, Ljósalandi 18, kr. 19.550 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
7. Ríkarður Steinbergsson, Geitastekk 2, kr. 64.000 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
8. Kolbrún B. Guðmundsdóttir, Frostaskjóli 73, kr. 188.822 ásamt dráttarvöxtum frá 21/10 1989 til greiðsludags.
9. Landsbanki Íslands kr. 20.000 ásamt dráttarvöxtum frá 16/10 1989 til greiðsludags.

Ákærðu Hallbjörn og Y hafa samþykkt skaðabótakröfuna í lið A, og verða þau dæmd til greiðslu hennar in solidum. Vextir ákveðast almennir vextir.

Ákærði Hallbjörn hefur samþykkt skaðabótakröfurnar í lið B, og verður

hann dæmdur til greiðslu þeirra. Vextir samkvæmt liðum 3 og 4 ákveðast almennir vextir.

Sakakostnaður.

Dæma ber ákærða Hallbjörn til greiðslu 9/10 alls sakarkostnaðar, en 1/10 greiði ákærðu X og Y in solidum, en ákærða Y greiði þó ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., kr. 20.000.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hallbjörn Einar Guðjónsson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærða X sæti fangelsi í 3 mánuði.

Ákærða Y sæti fangelsi í 4 mánuði.

Ákærði Hallbjörn skal ævilangt sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi.

Ákærðu Hallbjörn og Y greiði in solidum Ingvari Ólafssyni, f.h. heildverslunarinnar Líns h/f, kr. 125.800 auk almennra vaxta frá 24. febrúar 1989 til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn greiði einn skaðabætur sem hér segir:

1. Jóhönnu Erlendsdóttur kr. 1.000.
2. Arnþóri Þ. Árnasyni, Oddeyrargötu 10, Akureyri, kr. 2.500.
3. Versluninni Háteigskjörum, Háteigsvegi 2, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 13/3 1989 til greiðsludags.
4. Versluninni Aggva, Bankastræti 7 A, kr. 10.000 ásamt almennum vöxtum frá 14/3 1989 til greiðsludags.
5. Alþýðubankanum h/f kr. 39.639 ásamt dráttarvöxtum frá 22/11 1989 til greiðsludags.
6. Ingólfi Antonssyni, Ljósalandi 18, kr. 19.550 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
7. Ríkarði Steinbergssyni, Geitastekk 2, kr. 64.000 ásamt dráttarvöxtum frá 23/10 1989 til greiðsludags.
8. Kolbrúnu B. Guðmundsdóttur, Frostaskjólí 73, kr. 188.822 ásamt dráttarvöxtum frá 21/10 1989 til greiðsludags.
9. Landsbanka Íslands kr. 20.000 ásamt dráttarvöxtum frá 16/10 1989 til greiðsludags.

Ákærði Hallbjörn greiði 9/10 alls sakarkostnaðar, en 1/10 greiði ákærðu X og Y in solidum, en ákærða Y greiði þó ein málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Georgssonar hrl., kr. 20.000.